

UMSÓKNARFRESTUR FRAMLENGÐUR TIL SUNNUDAGSKVÖLDS 13. SEPTEMBER!!

Símenntun í kirkjutónlist

Fjölbreytt framboð námskeiða í haust og vetur fyrir allt starfsfólk kirkjunnar



á vegum Söngmálastjóra og Tónskóla Þjóðkirkjunnar í samstarfi við Fræðsludeild.

Kæru organistar, prestar, kórstjórar, djákna og annað starfsfólk kirkjunnar.

Við viljum kynna ykkur fjölbreytta símenntun á sviði kirkjutónlistar, sem hefst nú í haust á vegum Söngmálastjóra og Tónskóla Þjóðkirkjunnar, í samstarfi við Fræðsludeild og fleiri aðila.

Nú á haustönn verður áhersla lögð á námskeið með einkatímum, þar sem þátttakendur geta fengið alla endurgreiðslu frá sínum starfsmenntunarsjóði.

Eftir áramót koma fleiri hópnámskeið þar sem kostnaður verður í lágmarki. Einnig verður áfram boðið upp á námskeið með einkatímum. Það er ósk okkar og von að starfsfólk kirkjunnar taki fagnandi þeim möguleika að bæta við sig og fríska upp á þekkingu sína. Öflug símenntun eykur eigin starfsánægju og hvetur til ferskrar útfærslu í fjölbreyttu starfi.

Nánari upplýsingar veita Margrét Bóasdóttir og Björn Steinar Sólbergsson.

Skráning á námskeiðin er á netfangið; tonskoli@tonskoli.is

Frestur til að skrá sig rennur út sunnudaginn 6. september. Kennsla á námskeiðum hefst í vikunni 14.-19. september. Lokavika námskeiða er 1. vika í nóvember.

Í boði á haustönn verða eftirfarandi námskeið:

- tímasetning einkatíma verður ákveðin í samráði við þátttakendur.

Kennt verður í safnaðarheimili Hjallakirkju í Kópavogi.

1. Raddbeiting, 8 einkatímar, 45 mín. að lengd. Verð kr. 64.000 (ath. að allir eiga rétt á fullri endurgreiðslu úr sínum starfsmenntunarsjóði.)
Kennarar Laufey Helga Geirsdóttir, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir o.fl.
2. Hljómsetning og leikur eftir hljómum, sérstaklega m.t.t. að aðlögun að orgelinu. 8 einkatímar, 45 mín. að lengd. Verð kr. 64.000 (ath. að allir eiga rétt á fullri endurgreiðslu úr sínum starfsmenntunarsjóði.)
Kennari: Gunnar Gunnarsson

UMSÓKNARFRESTUR FRAMLENGDUR TIL SUNNUDAGSKVÖLDS 13. SEPTEMBER!!

3. Orgelleikur. 8 einkatímar, 45 mín. að lengd. Verð kr. 64.000 (ath. að allir eiga rétt á fullri endurgreiðslu úr sínum starfsmenntunarsjóði.)
Kennarar: Kennarar Tónskólans
4. Gítarleikur. Unnið verður með lög sem nýtast barnastarfi kirkjunnar. Hljómsetning, hljómasamsetningar, einfaldur tónflutningur, ásláttur, plokk og notkun gítarnaglar.
4 hoptímar, 60 mín. að lengd. Kennari: Þráinn Árni Baldvinsson.
Kennsla fer fram í Tónholti í Norðlingaskóla laugardaga kl. 17.00-18.00, 19. sept, 26. sept, 3. okt og 17. okt.
Fullt verð kr. 28.000 - en verður niðurgreitt til nemenda.
5. Lög in Barnasálmabókinni - kennd og sungin lög in sem notuð verða í barnastarfi vetrarins.
Hópnámskeið í tvö skipti. Kennari: Margrét Bóasdóttir. Kennslutímar: Þriðjudagur 15. sept. kl. 16.30-18.30 og Þriðjudagur 22. sept. kl. 16.30-18.30
Ekkert þátttökugjald, en skráningarskylda.
6. Upphitun kóra og raddþjálfun.
Fjallað verður um mismunandi tilgang með upphitun og raddþjálfun. Skoðuð verða atriði eins og mismunur upphitunar á æfingu og fyrir tónleika, æfingar fyrir mismunandi kóra, börn og fullorðna, tímalengd upphitunar, hvað á að þjálfna í hópraddþjálfun o.fl. sem þátttakendur fýsir að vinna með nánar.
Hópnámskeið í 2 skipti. Kennari: Margrét Bóasdóttir.
Kennslutímar: Laugardagar 19. sept og 26. sept kl. 10.00-12.00 báða daga.
Námskeiðsgjald kr. 8.000.-

Boðið verður upp á sama námskeið í öðrum landsfjórðungum eftir nánara samkomulagi við heimamenn.

Nánari upplýsingar veita Margrét Bóasdóttir, margret.boasdottir@kirkjan.is s. 856 1531, og Björn Steinar Sólbergsson, bjornsteinar@tonskoli.is, s. 856 1579.

Skráning á námskeiðin er á netfangið; tonskoli@tonskoli.is
Vinsamlegast skráið nafn, kennitölu, síma og heiti námskeiðs.

Frestur til að skrá sig rennur út sunnudaginn 6. september.

Kennsla á einstaklingsnámskeiðum hefst í vikunni 14.-19. september.

Lokavika námskeiða er 1. vika í nóvember.